

## Fjölmenningarráð

Ár 2019, þriðjudaginn 21. janúar, var haldinn 16. fundur fjölmenningaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.03. Fundinn sátu Sabine Leskopf, Jórunn Pála Jónasdóttir, Renata Emilsson Peskova, Tui Hirv. Einnig sat fundinn Joanna Marcinkowska sem var fundarritari.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um þýðingu stefnu Reykjavíkurborgar um málefni innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlegan vernd.

- Kl. 15:08 tekur Nichole Leigh Mosty sæti á fundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum liði.

Fjölmenningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð þakkar Elínu Oddnýju Sigurðardóttur, formanni styrihópsins um stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks, fyrir uppbyggilegt samtal og góðar tillögur. Ráðið tekur sérstaklega undir að nauðsynlegt er að gera Stofnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd sem samþykkt var í borgarstjórn þann 10. apríl 2018, aðgengilega fyrir þann stóra hóp innflytjenda sem ekki hefur nægilega vald á íslensku með því að þýða stefnuna eða hluta hennar. Ráðið beinir því til Mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar að fela Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar að útfæra þessa tillögu.

Almennt mælir Fjölmenningarráðið einnig með því að huga að markvissari úrvinnslu á textum áður en þeir eru sendir í þýðingu til að þeir gagnist sem best markhópnum og fjármunir nýtist einnig sem best.

2. Fram fer kynning frá Velferðarráðuneyti um móttöku flóttafólka, en skýrsla um samræmda móttöku flóttafólks á Íslandi var kynnt af félags- og barnamálaráðherra þann 17.janúar sl.

Linda Rós Alfreðsdóttir sérfræðingur í Velferðarráðuneytinu tekur sæti á fundinum undir þessum liði.

Fjölmenningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð fagnar samræmingu í móttöku flóttafólks óháð því með hvaða hætti fólkið hefur komið til landsins og einnig lengra eftirfylgni á vegum ríkisins enda hafa sveitarfélögin lengi kallað eftir þessu. Ráðið leggur áherslu á að sveitarfélög fái greiðslur frá ríkinu til þess að standa undir kostnaði við móttöku og aðlögun á samningstímanum. Nauðsynlegt er einnig að nýta sér reynslu

sveitarfélaganna í þessum málaflokki, sem dæmi má benda sérstaklega á niðurstöður skýrslu starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda og barna af erlendum uppruna sem kynnt var í skóla- og frístundaráði þann 25. september 2018. Það málefni sem ráðið telur helst að nánar þurfi að útfæra ferla og fyrirkomulag vegna flóttafólks sem kys að þiggja ekki tilboð móttökusveitarfélagsins svo ekki skapist sama staða eins og núna er varðandi fólk sem kom á eigin vegum en fær stöðu flóttafólks.

3. Fram fer kynning á verkefninu frá Kristjansand í Noregi *En by for alle*.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir félagsráðgjafi og verkefnastjóri í Mannréttindaskrifstofu tekur sæti á fundinum undir þessum liði.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur fyrir kynningu á verkefninu *En by for alle* og hvetur til þess að þróa verkefni áfram og laga að þörfum Reykjavíkur. Ráðið tekur undir nálgun verkefnisins um margbreytileika í samfélaginu í heild sinni.

4. Fram fer umræða um starfsáætlun Fjölmeningarráðs 2019
5. Fram fer kynning á fundi í Barcelona - International Migrants Day sem formaður fjölmeningarráðs sótti sl. desember.

### **Fundi slitið kl. 16.51**

Sabine Leskopf

Jórunn Pála Jónasdóttir  
Nichole Leigh Mosty

Renata Emilsson Peskova  
Tui Hirv